



Unglingaráð ÍBV Íþróttafélags

Unglingaráð ÍBV Íþróttafélags starfar samkvæmt ákvörðun stjórnar ÍBV Íþróttafélags. Ráðið er skipað að minnsta kosti fimm aðilum og er einn aðili fulltrúi stjórnar félagsins. Ráðið skal funda reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Yfirþjálfari yngri flokkanna situr fundi ráðsins þegar þess er óskað og hefur þar tillögurétt og málfrelsi en ekki atkvæðisrétt.

Skipa skal formann ráðsins og boðar hann til funda og stýrir þeim. Skipa skal ritara ráðsins sem heldur gjörðabók um alla fundi. Fulltrúi stjórnar sér síðan um að koma fundagerðum til stjórnar. Ráðið skal skila skriflegri skýrslu til stjórnar félagsins í lok tímabils. Í upphafi tímabils skal ráðið skila inn fjárhagsáætlun til stjórnar.

Eitt meginhlutverk ráðsins er að halda utan um starfsemi yngri flokka og vera yfirþjálfurum til stuðnings í þeirra starfi. Ráðið starfar eftir stefnu ÍSÍ um barna- og unglungaíþróttir. Yfirþjálfarar félagsins sjá um að henni sé framfylgt. Einnig er stuðst við í knattspyrnu Kennslu- og æfingaskrá sem Janus Guðlaugsson gerði fyrir KSÍ árið 1995 og í handknattleik er stuðst við Kennsluskrá sem Óskar Ármannsson gerði fyrir HSÍ. Þjálfurum ber að skipuleggja vinnu sína og vinna eftir þeim áætlunum sem eru að finna í Kennslu- og æfingaskránum. Leggja skal áherslu á að auka félagslega þáttinn í starfinu. Tekið hefur verið upp virkt eftirlit með vinnu þjálfara. Ráðið starfar eftir vímuvarnastefnu ÍBV Íþróttafélags og leggur sitt af mörkum við að halda henni á lofti gagnvart öllum þeim er koma að starfi barna- og unglunga í Eyjum.

Starfslýsing unglungaráðs

Unglingaráð:

- heldur utan um starfsemi yngri flokka ÍBV (3. - 8. fl. í knattspyrnu og 3. – 7.

fl. í handknattleik kk og 4. – 7. fl. í handknattleik kvk) sem og íþróttaskóla í samráði við stjórn félagsins og framkvæmdastjóra.

- annast ráðningar yfirþjálfara og gerir við þá ráðningarsamning í samráði við framkvæmdastjóra félagsins.
- skal á faglegan hátt stuðla að markvissri uppbyggingu í íþróttum á vegum ÍBV íþróttafélags, tryggja jafnræði í starfi, skipuleggja starfið og skilgreina markmið þess og móta þannig heildarstefnu sem hægt er að vinna skipulega eftir.
- skal hafa að leiðarljósi stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglunga.
- skal styðja þjálfara ÍBV í starfi sínu og jafnframt veita þeim nauðsynlegt aðhald.
- yfirþjálfari kemur upplýsingum til unglingaráðs um störf þjálfara yngri flokka félagsins. Verði á einhvern hátt misbrestur í starfi og hátterni þjálfara, skal unglingaráð boða viðkomandi þjálfara og yfirþjálfara á fund til að ræða málin og áminna hann ef þurfa þykir. Verði enn vart við óánægju með starf þjálfara getur unglingaráð sagt upp samning við hann að höfðu samráði við framkvæmdastjóra. (sjá starfslýsingu þjálfara og yfirþjálfara).
- skal taka þátt í skipulagningu stærri fjáraflana og halda utan um þær í samráði við yfirþjálfara og foreldraráð viðkomandi flokka. Í upphafi starfsárs að hausti skal unglingaráð gera framkvæmdastjóra ÍBV grein fyrir áætluðum fjáröflunum til birtingar á vef félagsins.
- skal í upphafi starfsárs aðstoða yfirþjálfara við útgáfu á handbók fyrir þjálfara.
- yfirþjálfari, formaður unglingaráðs og framkvæmdastjóri taka upp mál þjálfara ef upp kemur óánægja með störf þjálfarans. Styðja þjálfarann til lausnar á málinu en áminna hann líka ef þurfa þykir. Framkvæmdastjóri getur sagt upp samningi við þjálfara ef þörf er á en þó aðeins að höfðu samráði við unglingaráð ÍBV.
- stuðlar að því að 4.fl. karla og kvenna í handbolta og 3. flokkur karla og kvenna í knattspyrnu fari annað hvert ár á alþjóðlegt mót erlendis og sjá til þess að fjáraflanir séu skipulagðar tímanlega og þess gætt að þær séu sem hagkvæmastar.

- er upplýsingaskyld gagnvart stjórn og framkvæmdastjóra ÍBV íþróttafélags og hefur aðalstjórn æðsta ákvörðunarvald innan félagsins.
- leggur til bolta og annan sameiginlegan búnað til æfinga og keppni.
- greiðir ferðakostnað þjálfara vegna keppnisferða og ber þjálfara að velja skynsömustu leiðina fyrir hópinn hverju sinni.
- styður þjálfara ÍBV í starfi sínu og veitir þeim jafnframt nauðsynlegt aðhald. Framkvæmdastjóri ræður þjálfara til starfa að lokinni umsögn yfirþjálfara og unglingaráðs.
- ræður aðstoðarþjálfara að tillögu þjálfara og yfirþjálfara þó framkvæmdastjóri sjái um ráðningarferlið.
- skal vinna eftir siðareglum félagsins.
- skal sjá til þess að þjálfarar sækji þjálfaranámskeið og að þjálfarar séu með þau réttindi sem sett eru sem skilyrði í þjálfun barna og unglunga.
- sjái til þess að þjálfarar fái nauðsynlegan klæðnað merktan ÍBV til að klæðast á æfingum, í leikjum og í keppnisferðum.
- vinni skipulega að fjölgun iðkenda í samráði við foreldraráð, þjálfara og yfirþjálfara.
- skipuleggur uppskeruhátíðir yngri flokka ÍBV ásamt yfirþjálfara.
- hvetji til uppbyggilegs félagsstarfs meðal allra yngri flokka ÍBV í samráði við yfirþjálfara, þjálfara og foreldraráð.
- skipuleggur fræðslufundi fyrir foreldra, m.a. um íþróttir og mikilvægi heilbrigðra lífshátta í samráði við yfirþjálfara fyrir iðkendur.
- sjái til þess að í lok keppnistímabils skili þjálfarar af sér mati á árangri og framförum. Einnig að þjálfarar skili af sér starfsskýrslu með upplýsingum um þá þætti sem teknir hafa verið fyrir á tímabilinu hvað varðar liðið í heild og leikmenn þess.
- vinni að auknu samstarfi allra deilda ÍBV og leitist við að tryggja sem best tengsl milli deilda, t.d. hvað varðar meginreglur, stefnu o.fl.
- stuðlar að markvissri samvinnu milli þjálfara félagsins.

*Með ÍBV er átt við ÍBV Íþróttafélag